

Lausnarteymi Víkurskóla

Skólaárið 2025 – 2026

Samantekt af málefnum vetrarins

Í Lausnarteyminu sitja; Birta Baldursdóttir og Agnar Arnþórsson frá Austurmiðstöð, Stefán Örn Kárasón forstöðumaður Vígyn, Margrét Rósa Haraldsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu frá Víkurskóla. Fundatími var að öllu jöfnu annan hvorn fimmtudag kl.9:00 í Víkurskóla.

Haldnir voru 14 formlegir fundir í Víkurskóla á skólaárinu. Til viðbótar voru samskipti milli Lausnarteymis á Teams, símtölum og örfundir vegna einstakra mála.

Málefni sem bárust til Lausnarteymis voru af ýmsum toga í vetur. Kennarar leituðu til okkar td. vegna áhyggna af líðan nemanda, hegðunarvanda sem birtist í kennslustundum/göngum skólans, samskiptavanda milli nemenda og áhættuhegðunar nemenda.

Lausnarteymið kom að málum hjá nemendum í öllum áröngum.

Lausnarteymið kom með hóp- og/eða einstaklings vinnu á skólatíma inn í alla árganga. Lausnarteymið mun halda áfram viðtölum við nokkra nemendur á næsta skólaári, 2026 – 2027.

Lausnarteymið bauð upp á viðtalstíma fyrir kennara skólans þar sem kennari gat komið og rætt ákveðin mál og fengið aðstoð/samtal um hvaða leiðir væri hægt að fara í hverju máli fyrir sig.

Lausnarteymið ætlar að setja niður fasta viðtalstíma fyrir skólaárið 2026 – 2027 þannig að viðtalstími sem að minnsta kosti 1x í mánuði fyrir kennara.

Fulltrúar Lausnarteymis sátu einstaka teymisfundi í skólanum með foreldrum og kennurum.

Lausnarteymið var í samtali og samtarfi við lögreglu í Grafarholti vegna einstaka nemenda sem áhyggjur eru af vegna áhættuhegðunar.

Lausnarteymið sér fyrir sér að náms- og starfsráðgjafi haldi utan um fundaboð og dagskrágerð – fundagerð á skólaárinu 2026 – 2027 inn á svæði teymisins á Teams.

Tekið saman af Ingibjörgu Gunnlaugs deildarstjóra stoðþjónustu og borið undir Lausnarteymið 4. Júní 2026 til samþykktar.